

Nd.

394. Frumvarp til laga

[153. mál]

um breyting á lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Flm.: Björn Ólafsson og Pétur Ottesen.

1. gr.

Við 23. gr. A. í lögnum bætist (aftan við upptalningu um vörur undanþegnar söluskatti): Mótórvélar fyrir fiskiskip og einstakir hlutar til þeirra, dráttarvélar (taktorar).

2. gr.

Undanþágan gildir fyrir mótórvélar og dráttarvélar, sem tollafgreiddar eru eftir að lög þessi ganga í gildi, án tillits til þess, hvenær vélarnar komu til landsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Samkvæmt 23. gr. laga um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna eru sérstakar undanþágur gerðar fyrir sjávarútveg og landbúnað, til þess að söluskatturinn leggist ekki með of miklum þunga á þessa atvinnuvegi. Þó hafa mótórvélar og dráttarvélar ekki verið undanþegnar skattinum í samræmi við anda 23. gr. Mótórvélar fyrir fiskiskip þarf að endurnýja með nokkurra ára millibili, og kosta þær ærið fé. Söluskattur á slíkar vélar getur numið tugum þúsunda, og veitist mörgum erfitt að greiða skattinn til viðbótar hinu háa verði vélanna. Virðist og sjálfsagt, að dráttarvélar séu undanþegnar skattinum til þess að létta bændum öflun slíkra véla, og það því fremur sem tollur af þeim er hærri en af öðrum landbúnaðarvélum.

Er það í fullu samræmi við anda laganna, að framangreind tæki séu undanþegin söluskattinum.